



Iðnaðarráðuneyti
b.t. Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvali
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008

Varðar: Umsögn um drög að frumvarpi um visthæfa þróun vöru sem notar orku

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafa fengið ofangreind drög að frumvarpi til umsagnar frá ráðuneytinu, sbr. bréf dagsett 31. október sl. (IDN08090063/22.260).

Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópusambandsins um visthæfa vörupróun. Samtökin telja mikilvægt að aukin áhersla sé lögð á að lágmarka umhverfisáhrif vöru og eðlilegt er að íslenskir framleiðendur tryggi að vörur þeirra uppfylli kröfur sem almennt eru settar á Evrópska efnahagssvæðinu á því sviði. Hér er ætlunin að gera það með CE merkingum en þegar er hefð fyrir notkun þeirra. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við einstakar greinar frumvarpsins.

Gerð er athugasemd við hugtakið „notuð vara“ í 2. gr. en umsagnaraðilar þekkja ekki hvaða vörur hér um ræðir.

Lagt er til að 1. mgr. 9. gr. falli á brott. Gerð er athugasemd við orðalag 9. gr. um að neytendur fái upplýsingar um „..... *hvað þeir geti gert til að auka sjálfbærni vörunnar,.....*“. Vafasamt er að neytendur hafi tök á að auka sjálfbærni vöru, en hins vegar getur skipt máli hvernig þeir nota hana. Umsagnaraðilar telja að orðalag 2. mgr. 9. gr. um „.....*hvernig skuli nota vöruna á sjálfbæran hátt*“ nái inntaki tilskipunarinnar þar sem segir í 14. gr. „.....*the role that they can play in the sustainable use of the product.*“

Lögin eru tiltöluleg opin og einungis hluti tilskipunarinnar er tekinn inn í þau. Von er á fleiri og nánari reglum um tiltekna vöruflokka. Ætlunin er að nánari útfærsla verði í reglugerðum. Í 12. gr. frumvarpsins er heimild til að setja í reglugerðir meðal annars kröfur um visthæfa hönnun á vörum og hvaða vörur það eru sem falla undir lögin. Samtökin telja reglugerðarheimildina allt of rúma og telja mikilvægt að lögin setji skýran ramma um reglugerðarheimildir svo ekki leiki vafi á því í framtíðinni hvort lagaheimild er fyrir þeim kröfum sem settar verða á grundvelli laga þessara. Lagt er til að orðalagið „....., þar á meða!“ falli á brott og 12. gr. hefjist svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um hvaða vörur falla innan gildissviðs laganna, hvaða flokkar vöru sem nota orku þurfa að uppfylla kröfur um orkunýtni og hvaða kröfur vara þarf að uppfylla.

Samtökin telja að við setningu regla á grundvelli laganna skipti máli framsetning og orðalag á íslensku og óska því eftir að fá til umsagnar reglur sem settar verða á grunni þeirra þegar þær að kemur.

Í þeim drögum sem komu til umsagnar voru skilgreiningar á helstu hugtökum ekki komnar inn og því áskilja umsagnaraðilar sér rétt til að gera athugasemdir við þær síðar.



Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður umhverfismála



Pétur Reimarsson
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs